



Í þessu fréttabréfi

Jólahátíð í Njarðvíkurskóla 2008

Föstudagur 19. desember verður jólahátíð skólans. Henni er skipt í stofujól og hátíðarstund á sal.

Nemendur eiga að mæta sem hér segir:

4.-5., 7., 9. og 10. bekkur kl. 8:45-10:45

1., 2.-3., 6. og 8. bekkur kl. 11:00-13:00

5. bekkur þarf að mæta kl. 8:30 vegna helgileiks

Á stofujólum skiptast nemendur á pökkum sem þeir eru beðnir um að koma með í skólann fyrir 15. desember.

Innihald þeirra má kosta 300-400 kr., þarf að henta báðum kynjum og má ekki vera sælgæti. Nemendur mega koma með drykk (gos leyfilegt), smákökur og kerti á stofujól.

Allir koma snyrtilega klæddir á jólahátíð.



MENNTUN-MANNRÆKT



Jólahátíð	1
Söngur á sal	1
Jólaleyfi	1
Upplestur höfunda	2
Kirkjuferð	2
Jólagetraun	2
Jólatré bæjarins skreytt	3
Stuðningur við jákvæða hegðun	3
Eldvarnareftirlit	4
Jólafröndur foreldrafélags	4
Námsmatsdagur	4



Minnum á nýja heimasíðu skólans::

www.njardvikurskoli.is



Njarðvíkurskóli
V/Brekkustíg
260 Njarðvík
Lára Guðmundsdóttir
skólastjóri/ábyrgðarmaður
Sími: 420-3000

Söngur á sal



Sú hefð hefur skapast í Njarðvíkurskóla að nemendur og starfsfólk komi saman á sal á jólafröndu og syngi jólalög. Yngra stig nemenda, 1.- 6. bekkur, byrjar 9. desember og eldra stig, 7.- 10. bekkur, 10. desember. Geirþrúður Bogadóttir tónmenntakennari spilar undir hjá yngri nemendum en skólahljómsveit Njarðvíkurskóla mun spila undir hjá eldri nemendum. Nemendur læra ýmsa söngva og jólasálma sem síðan eru sungnir á jólahátíð nemenda.

Jóla- og nýárskeðja



Starfsfólk Njarðvíkurskóla óskar nemendum og foreldrum/forráðamönnum þeirra gleðilegrar jólahátíðar og gæfuríks komandi árs.



Jólaleyfi



Jólaleyfi

Jólaleyfið hefst frá og með 22. desember. Nemendur eiga að mæta aftur í skólann mánudaginn 5. janúar 2009, samkvæmt stundaskrá.

Viðburðir í desember



Upplestur úr bókum á aðventu

Sigurjón Vikarsson kom mánudaginn 1. desember og las fyrir nemendur í 2.- 5. bekk úr bók sinni Virkisverðirnir. Þetta er fyrsta barnabók Sigurjóns og vakti lesturinn lukku hjá nemendum.

Kristlaug María (Kikka) kom fimmtudaginn 4. desember og las fyrir nemendur í 6. og 7. bekk úr bók sinni Jón Ólafur jólasveinn.



Föstudaginn 5. desember kemur Þorgrímur Þráinsson og les fyrir nemendur í 4.- 6. bekk úr bók sinni Þriðji ísbjörninn. Þorgrímur kemur einnig með veggspjöld fyrir skólann sem eru frá Heilbrigðisráðuneytinu sem kynning á heilsustefnu þeirra. Þau prýða m.a. Ólafur Stefánsson, Margrét Lára Viðarsdóttir, Páll Óskar Hjálmtýrsson ofl.

Þriðjudaginn 9. desember kemur Bryndís Jóna Magnúsdóttir og les fyrir unglingastigið okkar, 8.-10. bekk, úr bók sinni Senjorítur með sand í brók. Þetta er lokabókin um Júlíu og vinkonur hennar sem eru nú á leiðinni til sólarlanda. Bryndís Jóna hefur undanfarin 3 ár heimsótt okkur og lesið úr bókum sínum á aðventunni

Kirkjuferð í Ytri Njarðvíkurkirkju



Hefð er fyrir því að nemendur fari með kennara í kirkju á aðventunni. Við fórum í heimsókn 3. desember og tók Sr. Baldur Rafn Sigurðsson á móti okkur. Þar flutti hann hugvekju, las jólasögu og nemendur sungu. Heimsóknin tókst mjög vel og var þetta hátíðleg stund.



Jólagetraun Umferðarstofu og lögreglu

Hin árlega jólagetraun Umferðarstofu og lögreglu fyrir nemendur í 1.-5. bekk hefur verið afhend nemendum. Síðasti skiladagur til umsjónarkennara er mánudaginn **8. desember**. Dregið er úr réttum lausnum fyrir jól og vinningshafar fá verðlaunin afhend af lögreglu á aðfangadagsmorgun.



Jólafondur og hátíðarmatur í skóla.

Miðvikudaginn 17. des. Verða nemendur hjá sínum umsjónarkennara þar sem þeir fönndra fyrir jólin og skreyta heimastofur. Nauðsynlegt er að nemendur komi með skæri, lím, liti og önnur áhöld til fönndurs. Þennan sama dag verður hátíðarmatur fyrir alla nemendur skólans í hádegishléi.

Jólatré bæjarins skreytt



Nemendur í 1. og 6. bekk unnu saman að verkefni fyrir Umhverfis- og skipulagssvið Reykjanesbæjar um skreytingar fyrir miðbæinn okkar. Þau útbjuggu jólaskraut á jólatré sem er staðsett fyrir framan Hótel Keili á Hafnar götunni. Þriðjudaginn 2. desember fóru nemendur með kennurum niður í bæ og skeyttu tréð sitt auk þess sem þeim var boðið í heimsókn til

skessunnar í helli sínum og fengu þar heitt kakó og piparkökur.

Einnig útbjuggu þau jólaskraut fyrir skessuna. Þetta var mjög skemmtilegt verkefni og samvinna nemendahópanna tókst mjög vel.



Kennsla á væntingum

Eins og áður hefur komið frá erum við í Njarðvíkur-skóla að innleiða agakerfið Stuðningur við jákvæða hegðun. Nemendur fara í markvissa kennslu á væntingum til hegðunar einu sinni í viku með umsjónar-kennara og þá notum við reglufylkið okkar og einkunnarorðin Virðing—Ábyrgð—Vinsemd.

Síðan einbeita allir starfsmenn sér að því að horfa á góða hegðun nemenda og hrósa þeim bæði með orðum og líka með hrósmiðum sem umsjónarbekkirnir safna upp í fyrirframákveðinn fjölda og fá umbun fyrir. Sem dæmi má nefna þá hafa nemendur haft myndbands-sýningar, komið með sælkeranesti í skólann, farið í heimilisfræðistofuna og bakað pítu og smákökur.

Þetta kerfi hefur sýnt mikinn árangur í góðri hegðun á öllum svæðum skólans. Við sendum reglufylkið heim með foreldrum og nemendum í foreldraviðtalinu 6. nóvember sl. og áttu foreldrar að lesa það yfir með sínu barni, kvitta fyrir og senda aftur í skólann. Foreldrar fá blaðið svo aftur sent heim og hvetjum við foreldra til að ræða reglulega við sitt barn um væntingar til hegðunar, um einkunnarorðin og hvaða skólasvæði nemendur eru að fara yfir í skólanum þá viku.



Stuðningur við jákvæða hegðun

Virðing - Ábyrgð - Vinsemd

JÓLATENGILL 2008

Heimsókn frá Eldvarnareftirliti Suðurnesja



24. nóvember sl. fengu nemendur í 3. bekk góða heimsókn. Þá komu fulltrúar frá Brunavörnum Suðurnesja með fræðslu um eld-

varnir sem er liður í árlegu eldvarnarátaki meðal landsmanna í aðdraganda jólanna. Nemendur sáu líka myndband þar sem þau sáu hve illa getur farið ef við förum ekki varlega með eld. Allir fengu getraun með sér heim og svo fengu nemendur gjöf þegar þeir skiluðu getraun til umsjónarkennara.

Nemendur 3. bekkjar tóku mjög vel á móti þessum gestum og voru til fyrirmyndar.



Jólafondur foreldrafélags Njarðvíkurskóla

Á morgun, laugardaginn **6. desember** verður hið árlega jólafondur foreldrafélags skólans. Þar verða seldar fondurvörur á vægu verði

áuk þess sem nemendur geta keypt piparkökur og krem til skreytingar. Nýjung í jólafondrinu þetta árið er laufabrauðsútskurður en nemendur og foreldrar geta keypt sér laufabrauðskökur til að skera út og steikja. Jólafondur foreldrafélagsins hefur ávallt verið vel sótt og



hafa nemendur í 10. bekk verið með nýbakaðar vöflur, kaffi og djús til sölu sem fjáröflun fyrir vorferðalagið.




Námsmatsdagur—foreldraviðtal

Þann 22. janúar nk. verða foreldrar og nemendur boðaðir til viðtals hjá umsjónarkennara. Í viðtalinu verður farið yfir námsframvindu á haustönn og farið yfir einkunnablöð nemenda. Foreldrar og nemendur eru beðnir að koma undirbúnir til viðtalsins. Athugið að nú á að vera mögulegt að sjá einkunnir á mentor.is en þær verða birtar þar 21. janúar 2009. Foreldrar verða beðnir um að svara viðhorfskönnun í tölvuveri skólans í lok viðtalsins.

Annaskipti

Ný önn hefst mánudaginn 19. janúar 2009. Þá víxlast hópar í sérgreinum, þ.e. þeir sem hafa verið í saum fara í smíði o.s.frv.



Gledileg jól 



Virðing—Ábyrgð—Vinsemd

Munið eftir að skoða heimasíðuna okkar, þar eru nýjustu fréttir og myndir af flestum uppákomum. <http://www.njardvikurskoli.is>